



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Kléberg – Leikskólinn Berg

2019 - 2020



Leiðarljós skóla og frístundasviðs

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.

Vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla	3
Leiðarljós leikskólans Bergs	4
1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári	4
2 Um innra mat í leikskólum	6
3 Stutt greinargerð deildarstjóra um starfið á síðasta ári	10
4 Ytra mat	15
5 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	18
6 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku	20
7. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	21
8 Foreldrasamvinna.....	21
9 Samstarf leik- og grunnskóla	22
10 Skipulagsdagar.....	23
11 Fylgigögn.....	24
11.1 Umsögn foreldraráðs.....	24

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahlald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós leikskólans Bergs

Leikur – samvinna - virðing

1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Við byrjuðum starfið af krafti haustið 2019. Vorum vel mönnum og hugur í fólki að gera vel. Eins og fram kom í starfsáætlun fyrir veturinn 2018 – 2019 voru megin áherslur okkar á málörvun, samskipti barna og starfsmanna, félagsfærni, umhverfi, lýðræði, velferð og líðan barnanna. Höfðum við gert sex vikna þema allan veturinn til að halda okkur vel að verki og gleyma engum þáttum. Endurmat var gert jafnt og þétt eftir hverjar sex vikur. Í heildina gekk okkur vel og gerðum miklu meira en það sem við lögðum upp með en sumt viljum við vinna betur á næsta skólaári.

Þegar leið á skólaárið fórum við að kynna okkur Menntastefnu Reykjavíkurborgar og koma þeirri stefnu markvisst í vinnuna okkar. Starfsfólkið rýndi starfið með tilliti til gátlista og kom sér saman um næstu skref. Mestu áhersluna lögðum við á lýðræði og að börnin væru virkir þátttakendur í starfinu á leikskólanum. Voru þau höfð með í ráðum hvaða daga við ættum að bjóða upp á eins og dóta daga og fleira. Börnin gengu um leikskólann og mynduðu leikefni/rými í þeirra hæð og svo voru umræður um hvað mætti bæta að þeirra mati. Reynt var að mæta óskum barnanna um hverju þau vildu breyta. Þau höfðu helst skoðanir á leikefni, minni skoðanir á hvernig rýmið er notað. Keyptir voru sófar á deildirnar, þannig börnin geta lesið eða kúrt í þeim ef þau vilja. Við rýndum lesefni í bókasafninu okkar með tilliti til jafnréttissjónarmiða og tókum út bækur sem okkur fannst ekki henta.

Málörvun er rauði þráðurinn í allri okkar vinnu á Bergi. Kennarar eru meðvitaðir um að nýta alla tíma sem gefast til að spjalla við börnin, kenna þeim ný orð og lengja setningar. Áður en börnin byrja að borða er farið með allskonar vísur og söngva. Eftir mat er annarskonar málörvun t.d. rím og orðasamsetningar. Við bættum við einni lestarstund seinni part á elstu deildinni sem mældist vel fyrir. Elstu börnin hlusta á framhaldssögur í hvíldinni sem kennari les fyrir þau. Hefur lestartening aukist mikið síðastliðinn vetur, börnin eru áhugasamari og einbeittari að hlusta en áður.

Í október og nóvember var farið í lestarátak sem fékk nafnið *Lestarormurinn*. Markmiðið með því var að auka málþroska barna á öllum aldri. Auka áhuga barnanna á bókum, lestur í leikskólanum og heima fyrir. Það gekk mjög vel og jókst lestur mikið. Þetta átak er komið til að vera.

Kennsluefnið Lubbi finnur málbein er komið inn á báðar deildar og var unnið markvisst með það í allan vetur. Flestir kennararnir eru búnir að fara á námskeið og þeir sem eftir eru munu fara næsta vetur.

Vinátuverkefnið Blær var innleitt síðastliðinn vetur. Allir kennarar eru búnir að fara á námskeið og áhugi er mikill á verkefninu. Í byrjun gekk ótrúlega vel og við fundum mikinn mun á samskiptum

barnanna svo kom smá bakslag en við héldum áfram markvissri vinnu og vorum við kennarar nokkuð ánægð með árangurinn að vori. Næsta vetur (2019 – 2020) munum við fara af stað í samvinnu við Klébergsskóla með þróunarverkefni í félagsfærni til tveggja ára ásamt því að halda áfram með Blæ.

Í vetur var unnið öflugt starf í listakrók bæði í tengslum við þema og grænfánavinnu eða börnin fengu að skapa sína list eftir eigin höfði. Næsta vetur er ætlunin að tengja list í öllu sínu formi enn betur inn í þróunarverkefnið okkar í félagsfærni. Munum við leggja sérstaka áherslu á að börnin vinni saman í fjölbreyttri listsköpun.

Elstu börnin fóru reglulega í vettvangsferðir út fyrir skólalóðina til að skoða dýralífið og fjöruna. Oft var týnt rusl í þessum ferðum. Náttúran er hér allt um kring með auðugu fuglalífi og alskyns furðuverum sem lifa í sjónum, vorum við dugleg að kynna börnunum fyrir fjölbreytileika dýralífsins. Leikskólinn er Grænfánaskóli og var margt gert í tengslum við hann. Þema okkar til næstu tveggja ára er orka og vatn. Elstu börnin völdu þetta þema á lýðræðislegan hátt ásamt börnum í grunnskólanum.

Það er mikil samvinna milli leikskólans, grunnskólans og frístundarinnar á Klébergi. Elstu börn úr leikskólanum fóru reglulega upp í skóla allan veturinn og unnu verkefni í skólastofu þar. Þau fóru líka reglulega í heimsókn í frístundaheimili Klébergsskóla, Kátakot. Einnig fóru börnin aðra hverja viku í íþróttahúsið í allskonar leikfimi og leiki.

Við buðum upp á þá nýjung að bjóða elstu börnunum upp á tvö sex vikna sundnámskeið sl. vetur, í samvinnu við ungmennafélagið og vakti það mikla lukku og er komið til að vera.

2 Um innra mat í leikskólum

Í vetur hefur mikil endurskipulagning átt sér stað í leikskólanum, bæði í faglegu starfi og umhverfi. Keyptir voru sófar inn á deildir, aukið við hillupláss, dúkkukrókur endurskipulagður og bætt við leikefni. Sófar voru keyptir inn á kaffistofu starfsfólks og umhverfið þar gert hlýlegra.

Kennarar voru mjög duglegir að gera endurmat sl. vetur, þannig að vinna vetrarins er mjög sýnileg. Hvað heppnaðist vel og hvað heppnaðist ekki eins vel og hvað við viljum bæta og setja aukna áherslu á næsta vetur.

Aðaláherslan í faglegu starfi síðastliðinn vetur var markviss málörvun, náttúran og félagsfærni. Eftir því sem leið á veturinn fórum við að leggja meiri áherslu á Menntastefnu Reykjavíkurborgar, sérstaklega að börnin væru virkir þátttakendur í starfinu á leikskólanum.

Helstu niðurstöður um hvernig unnið var að markvissri málörvun í leikskólanum eru þær að í heildina gekk okkur mjög vel. Úthald og einbeiting elstu barna á að hlusta á sögur hefur aukist mikið. Skilningur þeirra á lengri söguþráð er mun meiri, þau eru dugleg að rifja upp hvað gerist síðast í sögunni og geta í sumum tilfellum séð fyrir endinn á sögunni. Orðaforði er meiri og þau spyrja meira um hvað orð og orðasambönd þýða en áður. Yngri börn á eldri deild hafa líka tekið framförum í tungumálinu og hafa meira úthald en áður að hlusta á sögur. Þeim finnst gaman að ríma og að taka þátt í æfingum sem þjálfar hljóðkerfisvitundina. Lubbi finnur málbein er líka í miklu uppáhaldi hjá þeim, sérstaklega sönglöggin. Það hefur verið mikil söngmenning á deildinni í vetur sem ýtir undir málskilning, takt og rythma fyrir utan það hvað söngur eflir félagsandann.

Á yngstu deildinni var lesið daglega fyrir börnin, stuttar einfaldar bækur, þeim sagðar sögur og mikið sungið með þeim. Myndir voru mikið notaðar til að efla skilning þeirra á tungumálinu bæði í söng og daglegu starfi. Lubbalögin eru líka í miklu uppáhaldi hjá þeim.

Á eldri deildinni var bætt við lestarstund seinnipartinn, bæði til að efla málvitund en líka til að fá börnin til að slaka á. Þetta gafst vel og munum við halda því áfram næsta vetur. Málörvun næsta vetur á eldri deild mun verða með svipuðu sniði og var sl. vetur. Á yngri deildinni viljum við endurskoða sögustundir, minnka hóp og grípa fleiri tækifæri sem gefast til að lesa með einstaka barni/börnum þótt ekki sé skipulögð lestarstund.

Að efla félagsfærni og vináttu meðal barnanna var eitt að markmiðum vetrarins. Allir kennarar á leikskólanum hafa sótt námskeið í vináttuverkefninu Blær sem er verkefni sem er hugsað til að koma í veg fyrir einelti, þróa getu barna til að setja sig í spor annara og sýna hvert öðru tillitssemi. Öll börn eiga sinn bangsa sem er hugsaður sem vinur og huggari. Börnin geta nálgast bangsann sinn þegar

þeim hentar. Við endurmat á vinnu okkar með Blæ verkefnið og eflingu félags þroska barnanna fannst okkur margt hafa gengið vel og við sáum greinilegar framfarir í barnahópnum hvað varðar kurteisi og tillitssemi. Það voru fastir tímar í hverri viku með börnunum þar sem sögur og umræður voru um myndir sem fylgja verkefninu, það var farið í slökun og leiki sem ýta undir samvinnu. Á yngri deildinni var meira sungið og kennt að skiptast á og bíða. Á vormánuðum var efni sem hentar yngri börnum keypt í Blæ verkefninu sem verður unnið markvisst með næsta skólaár.

Á eldri deildinni verður vinnan meira negld niður í sex vikna þema, meira verður um samvinnuleiki og slökun verður fastur liður. Það að auki er að fara af stað þróunarverkefni í samvinnu með Klébergsskóla um að efla félagsfærni í öllum aldurshópum.

Gefin var út bæklingur í samvinnu við leikskóla í Grafarvogi um viðbrögð gegn einelti. Verður unnið eftir honum til að skima barnahópin hvort eitthvað sé að sem gefur tilefni til að grípa inn í.

Síðastliðinn vetur var sú nýjung hjá okkur að við vorum með Menningarviku þar sem við fjölluðum um menningu annara landa. Það kom „töfrateppi“ fljúgandi til okkar á hverjum degi þessa viku með bréf frá börnum í öðrum löndum. Í þessum bréfum voru börnin að segja okkur frá ýmsu sem gerist í þeirra menningarheimi. Við enduðum svo vikuna með hátíð þar sem foreldrum var boðið að koma, sjá listaverk sem börnin bjuggu til þessa viku og smakka mat frá löndunum sem bréfin bárust frá. Þetta tókst frábærlega og erum við ákveðin í að endurtaka þetta næsta vetur. Þetta verkefni eykur víðsýni, bætir orðaforða og skilning okkar á mismunandi menningarheimum.

Elstu börnin fóru í nokkrar ferðir sl. vetur bæði í rútu og strætó. Það var farið í Borgar – og Þjóðleikhúsið og útskriftarferð á Þingvöll.

Umhverfi og grænfáni. Börnin á eldri deild fóru reglulega í vettvangsferðir til að skoða náttúruna, fuglalífið og dýrin í fjörunni. Það var lögð áhersla á að kenna þeim nöfnin á algengustu fuglunum sem eru í kringum okkur. Í þessum ferðum var brýnt fyrir börnunum að henda ekki rusli í náttúrunni og þau hvött til að týna það sem mengar umhverfið. Að vori fóru börnin berfætt í fjöruna og sulluðu í sjónum, veiddu dýr með háfi og skoðuðu.

Við flokkuðum rusl, vorum með matarvikur þar sem við kenndum börnunum hvaðan maturinn kemur, að matur er dýrmætur og við hendum honum ekki. Matur sem endaði í ruslinu var vigtaður og haldin skrá yfir það sem var sýnileg börnunum. Þessar vikur voru áhrifamiklar því mat var nánast ekki hent eftir þær og það lifir enn á eldri deildinni.

Við unnum með vatn og orku í tengslum við grænfánaþemað allan veturinn. Á yngri deild var mest unnið með vatn. Við vorum með sulludaga þar sem börnin léku sér með vatn og fræddust um leið. Á

eldri deildinni var rætt um hvaðan orkan kæmi bæði sem knýr faratæki og fólk, gerðum líkamann í fullri stærð og teiknuðum inn á allt sem gefur okkur orku. Hvað er hollur matur og óhollur. Þjuggum til eldfjöll og gerðum ýmsar tilraunir með vindorku. Vorum með sameiginlega sýningu ásamt börnum úr Klébergsskóla á vinnu okkar með vatn og orku.

Okkur langaði að verða sjálfbær hér á leikskólanum varðandi egg svo við fengum hænur til okkar á vormánuðum, þær vekja mikla lukku meðal barnanna og sjá okkur fyrir eggjum. Börnin taka þátt í að hirða þær og týna eggin sem koma. Við settum af stað smá fræðslu um hænur svo núna eru margir „hænusérfræðingar“ hér á Bergi.


Við settum niður grænmeti og kartöflur í grænmetisgarðinn okkar í vor þannig að í haust getum við verið sjálfbær í þessum vörum einhvern tíma, þetta fellur vel inn í vinnuna okkar í grænfanum.

Við unnum markvisst að því að efla lýðræði meðal okkar, fá börnin til að taka þátt í starfinu, koma með ábendingar og hugmyndir hvernig leikskólinn okkar ætti að vera. Við breyttum leikrými og bættum við efnivið til að mæta óskum þeirra. Einnig fengu börnin að ráða hvað sparidaga við setjum inn á skóladagatalið næsta vetur, það fannst þeim alveg frábært. Höldum þessari vinnu áfram.

Meðal þess sem við vildum leggja áherslu á var starfsandinn og aðbúnaður starfsmanna. Keyptir voru sófar á kaffistofuna og hún gerð hlýlegri. Lögðu starfsmenn sig fram um að vera með opin og heiðarleg samskipti. Reynt var að taka strax á málum ef eitthvað kom upp á. Þessi vinna er í fullum gangi og stefnt er að setja markvissari stefnu í þessu í tengslum við þróunarverkefnið sem er að fara af stað í haust.

Í innra mati er gert mat á skólastarfi byggt á **skólanámskrá** leikskólans og eða **áherslum** leikskólans og SFS. Skoða þarf hvernig gengur að vinna að markmiðum leikskólans og tilgreina hvaða leiðir eru farnar til að ná fram þessum markmiðum og safna gögnum um framvinduna. **Meta þarf sérstaklega nám og velferð barna, styrkleika þeirra og hæfni.**

Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind í samvinnu, lagt mat á þau og ákvarðað hvað skal gera í framhaldinu. Settar eru fram umbætur/matsáætlun sem byggja á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og vinna skipulögð út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaráætlun eru settar fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að. Þannig fer þetta ferli hring eftir hring og stuðlar að bættu skólastarfi.



Leiðbeiningar um innra mat leikskóla, bls. 8.

Gera skal **matsáætlun/umbótaráætlun** og gerið grein fyrir hvað þættir í leikskólastarfinu er áætlað að meta og/eða bæta. Hver deild/sérkennsla skilar matsáætlun út frá skólanámskrá leikskólans og markmiðum sem sett eru í upphafi skólaárs ásamt stuttri **greinagerð deildarstjóra/sérkennslustjóra** um hvað og af hverju matsþættirnir voru valdir fyrir starfsárið út frá niðurstöðum líðandi starfsárs (2018-2019).

3 Stutt greinargerð deildarstjóra um starfið á síðasta ári

Innra mat Álfasteins (eldri börnin)

Málörvun og lesskilningur: Á þessari önn var í fyrsta skipti unnið markvisst með „Lubbi finnur málbein“. Flestir starfsmenn deildarinnar eru búnir að fara á námskeið og þeir sem ekki hafa farið eru á leiðinni. Þetta verkefni kom vel út, börnin áttu auðvelt með að læra og muna stafina og hljóðin. Á önninni var líka lögð áhersla á að lesa mikið fyrir börnin. Lesið var einu sinni til tvisvar á dag og hlustaði elsti árgangurinn á framhaldsögur og yngri börnin á ævintýri í hvíldinni. Bókaormurinn var á sínum stað og var góð þátttaka hjá foreldrum. Á önninni var líka sungið mikið og lærðu börnin marga krefjandi texta og þulur. Elsti árgangurinn fór svo í tónmennt upp í Klébergsskóla einu sinni í viku í kennslustund með 1. bekk. Einnig bjuggu börnin til sögur og svo var reynt að nota tíma í kringum matartíma í að ríma, finna andheiti, samheiti og orðasamsetningar. Elsti árgangur vann svo markvisst með skólaverkefni sem undirbúning fyrir grunnskólann.

Niðurstöður og úrbætur: Okkur fannst mál og lesskilningur barnanna rjúka upp. Börnin höfðu mikinn áhuga á bókum og sögum, þau báru einnig virðingu fyrir bókunum og fóru vel með þær. Eldri börnin hlustuðu á margar langar og krefjandi sögur og höfðu mjög gaman af. Við erum enn þá að læra á Lubbaverkefnið og hlakkar okkur til að læra betur á það. Það sem mætti betur fara er að getuskipta börnunum aðeins meira þannig að ungu og tvítyngdu börnin fái fleiri verkefni við sitt hæfi.

Félagsfærni: Á þessari önn héldum við áfram að vinna með verkefnið um Blæ bangsa. Allir starfsmenn luku því að komast á námskeið á árinu og var verkefnið tekið aðeins fastari tókum en árið áður. Tvisvar í viku voru umræður og hópastarf í kringum verkefnið um Blæ og reyndum einnig að nota kennslufnið í daglegu starfi. Við reyndum einnig markvisst að vinna með almenna kurteisi hjá börnunum. Til dæmis breyttum við salnum okkar í veitingastað þar sem kennarar þjónuðu börnunum til borðs og börnin völdu sér rétti af matseðli. Í kringum þetta verkefnið var mikið unnið með borðsiði og kurteisi.

Niðurstöður og úrbætur: Starfsfólk var sammála um að barnahópnum í ár gekk betur í félagsfærni en hópnum á undan. Í byrjun annar gekk mjög vel. Unnið var reglulega og markvisst með verkefnið, þó aðalega í gegnum samverustundir og hópastarf og fann starfsfólk mun á samskiptum barnanna. Það kom þó smá bakslag hjá bæði starfsfólki og börnum þegar leið á önnina. Það virðist ætla að taka smá tíma að koma Blæ verkefninu inn í menninguna og vinnubrögð starfsfólks en allir eru mjög jákvæðir varðandi verkefnið og vilja halda því áfram. Starfsfólk fann fyrir því hvernig samskipti bötunuðu þegar verkefnið var tekið föstum tókum og hvernig samskiptunum fór aftur þegar slakað var á með

verkefnið. Það sem mætti betur fara í Blæ verkefninu er að koma leiðbeiningum og hugmyndum verkefnisins meira inn í almennt starf á deildinni.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgða raðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Læsi og lesskilningur	Meginmarkmið er að börnin nái góðum árangri í læsi í sem víðustum skilningi sem allra fyrst á skólagöngu sinni. Gengið er út frá því að börn þurfi efnivið sem kveikir áhuga þeirra, ýtir undir ímyndunaraflíð, hvetur þau til gagnrýnnar hugsunar og gefur þeim færi á að mynda merkingarbærar tengingar við eigið líf.	Halda áfram að hafa lestarstund seinnipart dags auk stunda að morgni. Framhaldssögur með elstu börnum. Skólastundir með elstu börnum þar sem lögð er áhersla á ýmislegt sem tengist hljóðkerfisvitund og öðrum undirbúningi að lestri og læsi. Efni úr leikur að læra notað í skólastundum. Yngri börn í minni hópum í samverustundum þar sem lögð er áhersla á lestur, sögur og söng.	Haust 2019 til maí 2020	Deildarst.	Í lok hvers sex vikna þema, gert á deildarstjórafundum. Deildarstjóri dregur fram helstu atriði sem ganga vel / illa heildarendurmat í maí.	Að uppfylla öll viðmið sem koma fram í kafla 2.4 í viðmiða og vísbendinga bæklingnum. Styðjumst við niðurstöður Hljóm - 2
Félagsfærni	Að börnin fái sterkari sjálfsmynd og öðlist meira sjálfstraust. Efla vinabraginn í hópnum, tillitssemi og kurteisi.	Vináttuverkefnið Blær verður notað á enn markvissari hátt. Samvinnuleikir og slökun. Þróunarverkefni sem fer af stað í haust í samvinnu við Klébergsskóla	Haust 2019 til maí 2020	Deildarst.	Starfið verður metið á deildarfundum og deildarstjórafundum eftir hvert sex vikna þema.	Að uppfylla öll viðmið sem koma fram í kafla 2.4 í viðmiða og vísbendinga bæklingnum
Sköpun og menning	Að börnin læri að njóta þess að taka þátt í skapandi ferli og finni til gleði yfir eigin	Fjölbreyttari efniviður í listaskála. Meira um samvinnuverkefni sem unnin eru inn á	Haust 2019 til maí 2020	Deildarstj.	Starfið verður metið á deildarfundum og deildarstjórafundum eftir	Að uppfylla öll viðmið sem koma fram í kafla 2 í viðmiða

	<p>sköpunarkrafti. Þau kynnist allskonar efnivið. Þau læri nýja texta og taki þátt í söng. Þau geti skapað og tjáð sig í tónlist, dansi og leikrænni tjáningu.</p>	<p>deild. Tónlist, dans og skapandi leikir/leikrit fái meira rými í dagskipulagi. Hvert barn fer einu sinni í viku í skipulagða stund í listaskála. Töfrateppi kemur með fróðleik frá öðrum löndum.</p>			<p>hvert sex vikna þema.</p>	<p>og vísbendinga bæklingnum</p>
--	--	---	--	--	------------------------------	----------------------------------

Innra mat Dvergasteins (yngri börnin)

Málörvun. Við erum enn að vinna með *Lubbi finnur málbein*, hver stafur hefur sína vísu og sína hreyfingu sem við æfum. Í samveru höfum við ýmist verið að lesa bók eða nota loðtöflusögur þar sem sama sagan er endurtekin nokkrum sinnum með áherslu á nýtt orð hverju sinni, með því eykst orðaforði barnanna og skilningur. Í samveru syngjum við líka mikið ásamt því að fara í allskyns leiki eins og hlustað á hljóðið og bingó. Við notum útsýnið út um gluggana til þess að skapa umræður því það er margt að sjá t.d skip, sjóinn, fjöruna, fuglana og annað dýralíf. Við leggjum mikla áherslu á að vera í hæð barnanna þegar við tölum við þau og setjum orð á allar athafnir yfir daginn.

Niðurstöður. Börnunum þykir gaman að fara í samveru þegar mikið er um að vera og alltaf eitthvað spennandi á hverjum degi. Framfarir hafa verið hjá börnunum í málþroska og fer þeim stöðugt fram. Við ætlum að halda þessu áfram á næsta ári og sjá þá enn meiri framfarir.

Félagsfærni. Við höfum verið að leggja áherslu á kurteisi, já takk, nei takk, takk fyrir mig og má ég fá meira. Einnig höfum við verið að fara inn í leikinn með börnunum til þess að hjálpa þeim og leiðrétta þau með það hvernig þau koma fram við hvert annað. Kenna þeim að skiptast á og leika saman. Við bjuggum til bækur fyrir börnin með myndum af þeim sjálfum og fengum svo foreldra til þess að senda okkur myndir af þeim, ömmum og öfum, gæludýrum og húsinu þeirra til þess að setja í bókina. Þá geta börnin skoðað sínar bækur og sýnt hinum börnunum bókina sína og þannig skapast umræða um hver er hvað í bókunum hjá þeim. Allir starfsmenn á deildinni hafa nú farið á námskeið um Blæ vináttuverkefnið og erum við komin með í hendurnar kassann fyrir aldur deildarinnar.

Niðurstöður. Börnunum þykir gaman að fá sína bók til að skoða, einnig að skiptast á bókum við hvert annað og fá að skoða fjölskyldumyndir hjá vinum sínum, þessar bækur skapa umræðu þeirra á milli. Börnin voru fljót að læra nei takk og já takk og í hvaða aðstæðum þau ættu að nota það. Við erum enn þá að koma okkur almennilega inn í Blæ en stefnum á það að fara í það af fullum krafti næsta vetur.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Málörvun	Að örva málskilning og bæta við orðaforða barnanna. Próa með þeim færni í að tjá sig.	Bókalestur, Lubbi finnur málbein, vináttu-verkefnið Blær. Halda áfram með heima-bækurnar. Setja orð á athafnir og hluti, endurtekning.	Haust 2019 – maí 2020	Deildastjóri	Á deildar og deildarstjóra fundum. Starfsmannafundum og starfsdögum. Alltaf í lok sex vikna tímabils.	Að málproski barnanna taki góðum framförum. Skoðum orðalistann hvað er eðlilegt að þessi aldurshópur kunni. Að uppfylla öll viðmið sem koma fram í kafla 2.4 í viðmiða og vísbendinga bæklingnum.
Félagsfærni	Að börnin læri að skiptast á. Læri að sýna hvert öðru vináttu, kunni að tjá sig og læri smátt og smátt að lesa í aðstæður	Lubbi finnur málbein, Blær. kennarar fara inn í leik barnanna og kenni þeim félagsfærni gegnum leikinn. Spil þar sem þarf að skiptast á, læra að tapa og vinna í spilum. Vináttuleikir og slökun.	Haust 2019 – maí 2020	Deildastjóri	Á deilda og deildarstjóra fundum, starfsmannafundum og starfsdögum. Alltaf í lok sex vikna tímabils.	Að börnin læri félagslega færni. Efla vináttu og umhyggju barnanna fyrir hvert öðru. Að uppfylla öll viðmið sem koma fram í kafla 2.4 í viðmiða og vísbendinga bæklingnum.
Sköpun og menning	Að börnin læri að njóta þess að taka þátt í skapandi ferli og finni til gleði yfir eigin sköpunarkrafti. Þau kynnist	Fjölbreyttari efniviður í listaskála. Meira um samvinnuverk efni sem unnin eru inn á deild. Tónlist, dans	Haust 2019 til maí 2020	Deildarstjóri	Starfið verður metið á deildarfundum og deildarstjórafundum eftir hvert sex vikna þema.	Að uppfylla öll viðmið sem koma fram í kafla 2 í viðmiða og vísbendinga bæklingnum

allskonar efnivið. Þau læri nýja texta og taki þátt í söng. Þau geti skapað og tjáð sig í tónlist, dansi og leikrænni tjáningu.	og skapandi leikir/leikrit fái meira rými í dagskipulagi. Hvert barn fer einu sinni í viku í skipulagða stund í listaskála. Töfrateppi kemur fljúgandi með fróðleik frá öðrum löndum.				
---	---	--	--	--	--

4 Ytra mat

Leikskólinn Berg hefur ekki farið í gegnum ytra mat í nokkurn tíma. Leikskólinn hefur gengið í gegnum flókið tímabil sem einkenndist af stjórnendaskiptum, sundurslitum og sameiningu. Nú er hins vegar stöðugleiki og allt komið á fullt í uppbyggingu og framtíðaráformin eru mikil.

Þónokkur óánægja mældist í foreldrakönnun sem framkvæmd var af SFS á skólaárinu 2016-2017, á fyrstu mánuðum sameiningarinnar. Þar komu fram ábendingar um ýmislegt sem betur mætti fara og hafa þær ábendingar verið teknar inn í innra matið okkar. Næsta foreldrakönnun verður gerð vorið 2019.

Niðurstöður foreldrakönnunnar 2019 komu mun betur út en fyrri kannanir okkur til mikilla gleði en ýmislegt sem enn þarf að vinna í, munum við leggja sérstaka áherslu á starfsandann og viðmót starfsfólks gagnvart börnunum, foreldrum og hvert öðru.

Starfsmannakönnun SFS var lögð fyrir alla starfsmenn Reykjavíkurborgar skólaárið 2017-2018. Mjög lágt hlutfall starfsmanna svaraði könnuninni í þetta skipti og enn færri í könnuninni sem gerð var árið áður (niðurstöður ekki birtar). Því er erfitt að bera saman viðhorf starfsmannanna milli ára. Við kynningu á niðurstöðunum á starfsmannafundi sl. vetur kom hins vegar glöggt í ljós að starfsmenn voru sammála um að margt væri betra en áður. Þar má nefna upplýsingaflæði, vinnustaðarmoral og skipulag sem starfsmenn tjáðu sig um. Þó var vinnuálagið enn að sliga fólk og var sá þáttur sem kom hvað verst út, líkt og hjá öðrum leikskólum í Reykjavík. Starfsmannavelta hvílir þungt á fólki og við þurfum að gera betur í móttöku nýrra starfsmanna. Það er ljóst að við höfum verk að vinna varðandi

líðan starfsmanna og er það nú þegar komið inn í umbótaáætlun okkar fyrir komandi vetur, meta jafnt og þétt á starfsmannafundum og í könnun í vor.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Starfsandi, viðmót og menning	Jákvæðu andrúmslofti sem einkennist af virðingu, trausti og umhyggju fyrir starfsfólki, börnum og foreldrum	Farið verður yfir foreldrakönnun á starfsdegi í ágúst, umræður um umbætur gangvart foreldrum og umræður hvernig við starfsmenn komum fram hvert við annað. Í tengslum við þróunarverk efni námskeið fyrir starfsfólk til að efla liðsandann.	Sept 2019 fram að vori 2020	Aðstoðarleikskól astjóri, ásamt öðru starfsfólki	Deildarfundir Deildarstjóri heldur utan um minnis-punkta og kemur þeim til aðstoðar-leikskóla-stjóra sem vinnur strax úr þeim. Starfsmanna-fundir þar sem málin eru rædd	Uppfylla öll viðmið sem koma fram í fjórða kafla í viðmið í vísbendinga-bæklingnum. bls : 38

Á vormánuðum var unnið að úttekt á sameiningum leikskóla Reykjavíkurborgar. Drög að skýrslunni hafa verið gefin út til umsagnar en lokaskýrslunnar er að vænta á haustdögum og verður hún þá

kynnt. Gagna var aflað með því að tala við fulltrúa foreldra, foreldraráð leikskólans, fulltrúa starfsmanna og stjórnanda.

5 Stutt greinagerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

Sérkennsla í leikskólum byggir á lögum um leikskóla frá 1. október 2008, Aðalnámskrá leikskóla frá 2011, sem og stefnu Reykjavíkurborgar í menntamálum. Börn, sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, eiga rétt á henni í leikskólanum undir handleiðslu sérfræðinga.

Leiðir að markmiði

Allt utanumhald eins og til dæmis skipulag, samskipti við stoðþjónustu og aðra fagaðila utan leikskóla, útfærsla þjónustu, markmiðsetningar, þjálfun og mat tengt nemendum með sérþarfir, sér aðstoðarleikskólastjóri um á meðan sérkennslustjóri er í ársleyfi, ásamt starfsmanni sem ber ábyrgð á töflum og vinnustundum.

Þeir sem hafa fengið sérkennslu á skólaárinu 2018 - 2019 eru samtals 11 nemendur. Þrír nemendur hafa suðningstíma alls 10 tímar á dag. Níu nemendur hafa verið í sérkennslu í málörvun, þrír nemendur hafa fengið aðkomu hegðunarráðgjafa og fjórir nemendur fengið aðkomu talmeinafræðings. Einnig eru nemendur á Bergi með með fjölpættan vanda.

Skólaárið 2019 – 2020 eru þrír nemendur með stuðning, eitt barn er í talkennslu og sex börn fara í málörvunarhóp.

Stuðningur við nemendur er þannig háttað að aukinn mannaflí er á deildum og bera allir starfmenna jafn mikla ábyrgð á því að fylgja eftir þeim markmiðum sem eru í einstaklingáætlunum. Sérstakur starfsmaður sér um vinnustundir barna með stuðning ásamt aðstoðarleikskólastjóra. Hann situr einnig alla fundi sem viðkoma þeim.

Deildastjórar sjá um að leggja fyrir TRAS og aðstoðarleikskóalstjóri leggur fyrir Hljóm-2 til að skima nemendur og finna þá sem eru með frávík í þroska og þurfa frekari stuðning eða snemmtæka íhlutun.

Aðstoðarleikskólastjóri sér um gerð einstaklingsnámskráa í samstarfi við deildastjóra og foreldra. Þeir nemendur sem hafa stuðningstíma eru með formlegt teymi og eru haldnir reglulegir fundir með aðkomu sérkennsluráðgjafa frá Miðgarði.

Fræðsla til starfsfólks og miðlun upplýsinga hefur verið þannig að fundargerðir fara inn á deild og ber starfsfólkið að lesa þær og kvitta fyrir. Aðstoðarleikskólastjóri hefur setið deildarfundi þar sem farið er yfir verklag og vinnubrögð.

Facebook hópur er notaður til að miðla upplýsingum meðal starfsmanna um aðferðir og skipulag, ekki eru settar persónuupplýsingar inn á þennan hóp.

Markmið:

Starfsfólk tileinki sér að nota sjónrænt skipulag með þeim börnum sem það þurfa. Setja upp myndir fyrir daginn og nota töflumiða. Nota sjónrænt skipulag í fataklefa bæði almennt og einstaklingsmiðað.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
	Starfsfólk noti einstaklingsmið að sjónrænt skipulag	Námskeið hefur verið haldið með starfsfólki hvernig nota skal sjónrænt skipulag, allir taka þátt en stuðningsaðili inn á deild sér um að setja upp myndir fyrir daginn.	Sept 2019 fram að vori 2020	Aðstoðar-leikskólastjóri, deildarstjóri og stuðningsaðili.	Endurmat á deildarfundum, minnis-punktur og fundir.	Eru börnin að koma að tilbúinni töflu á morgnana, eru töflurnar að hjálpa þeim, eru þau öruggari. Sýna börnin framfarið.

6 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku

Fjölmennning er þar sem samskipti eru milli menningarheima innan sama samfélags. Í leikskólanum Bergi er fólk frá mismunandi menningarheimum. Á skólaárinu 2018 – 2019 voru níu þjóðerni í leikskólanum og 14 börn og þrír starfsmenn af erlendum uppruna. Veturinn 2019 – 2020 stefnir í að það verði 10 börn af erlendum uppruna og þrír starfsmenn af erlendum uppruna.

Markmið leikskólans byggir á fjölmenningsstefnu. Reykjavíkurborgar sem felur í sér að bjóða öll börn á leikskólaaldri velkomin í leikskólann og með því fögnum við margbreytileikanum.

Leitað er leiða eins og kostur er til að mæta börnum svo að þeir geti verið virkir þátttakendur í leikskólastarfinu. Samskipti við foreldra af erlendum uppruna eru mikilvæg og er tülkaþjónusta notuð til að stuðla að góðum samskiptum. Þegar börn byrja í leikskólanum eru foreldrar upplýstir um réttindi þeirra og skyldur í íslensku samfélagi ásamt því að fá upplýsingar um leikskólann.

Foreldrahandbók hefur verið þýdd yfir á ensku.

Upplýsingar og auglýsingar frá leikskólanum eru settar á facebook og á veggj leikskólans, kappkostað er að setja öll skilaboð til foreldra fram á ensku líka. Ef efni eða upplýsingar eru til á öðru tungumálum er því komið á framfæri.

Markmið:

Til þess að efla orðaforða og skilning barna á íslensku máli hefur verið hvatt til bókalesturs heima. Þetta verkefni er leið til að efla málþroska nemenda en í gegnum lestur á eigin tungumáli eflist og styrkist undirstaða málþroska og auðveldar máltöku á íslensku.

Við höfum því fengið bókaþustu frá Bókasafni Reykjavíkur og í henni eru bækur á þeim tungumálum sem töluð eru í leikskólanum. Bókaþustunni hefur verið komið fyrir á sýnilegu stað og hillur setta upp svo bækurnar séu sýnilegar. Nemendum og foreldrum gefst kostur á að fá lánaðar bækur úr bókaþustunni og fara með heim og lesa.

Hver er ábyrgur:

Stjórnendur

Hvernig og hvenær verður markmið metið:

Fjölmenningsstarfið er metið á deildarfundum og skráningarbók hjá bókaþustunni skoðuð.

Fyrirhugað er veturinn 2019 til 2020 að starfsfólk hengi upp myndir og algengar setningar á tungumálum barnanna sem eru hjá okkur. Þannig lærir starfsfólk einfaldar setningar og getur tjáð sig örlítið við erlendu foreldrana. Þetta hjálpar líka erlendu börnunum að átta sig á hvaða leikföng eru hvar og hvað húsakynin heita. Einnig munum við hafa menningarviku í febrúar þar sem við kynnum okkur menningu annarra landa á ýmsan hátt.

7. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fara fram jafnt og þétt yfir veturinn. Þau eru boðuð með fyrirvara og fá starfsmenn blað með efni til að ígrunda fyrir viðtalið. Viðtölin eru flest í um klukkustund og fara fram á skrifstofu skólastjóra.

Síðast liðinn vetur (2018 – 2019) fóru flestir starfsmenn í formleg starfsþróunarviðtöl en ekki tókst að klára þau við alla starfsmenn, munum við leggja áherslu á að það komi ekki fyrir aftur.

Símenntun frá síðasta ári (námskeið, hvaða hópar sóttu námskeið og fl.)

Á síðasta ári (2018 – 2019) fóru starfsmenn á ýmis námskeið s.s. útieldun, útikennslu, íslenskunámskeið, Lubbanámskeið, námskeið í vináttuverkefninu um Blæ (bæði grunnnámskeið og tónlistarnámskeið) og námskeið um könnunarleiki. Deildarstjórar fóru á leiðtoganámskeið sem var á vegum Reykjavíkurborgar. Einn starfsmaður fór á Fagnámskeið 1 hjá Eflingu. Deildarstjóri og sérkennslustjóri fóru á námskeið í Tras.

2019 - 2020 verður haldið áfram að bjóða starfsfólki á margskonar námskeið. Þeir starfsmenn sem eiga eftir að fara á námskeið um Lubba og Blæ munu fara á námskeið nú á haustönn.

Í tengslum við nýju menntastefnuna hefur verið samið við KVAN um námskeið, verkfærakistu kennarans. Verið er að þróa verkfærakistu fyrir leikskóla og stefnt er að því að nýta fjármagn sem fékkst fyrir endurmenntun frá SFS í það.

Það er gaman að segja frá því að þrír starfsmenn eru að mennta sig í leikskólafræðum og einn starfsmaður stefnir á að byrja leikskólaliðanámi nú í haust.

8 Foreldrasamvinna

Skólaráð grunnskólans og foreldraráð leikskólans er sameinað ráð sem fundar reglulega samkvæmt starfsáætlun sem ráðið setur í upphafi skólaárs. Í foreldraráðinu sátu þrír foreldrar barna í leikskólanum en tveir áttu einnig börn á grunnskólaaldri. Haldnir voru fimm fundir sl. vetur. Sama fyrir komulag mun verða skólaárið 2019 – 2020.

Foreldrafundur (súpufundur) er haldinn að hausti fyrir báðar deildir. Þar er farið yfir dagskipulag leikskólans og helstu áherslur sem eru fram undan í starfinu. Á þessum fundi eru kosnir foreldrar í foreldraráð og foreldrafélagið.

Foreldraviðtöl eru þrisvar sinnum, á tímabilinu nóvember 2019 – maí 2020. Í viðtölunum er farið yfir líðan barnsins á leikskólanum, framfarir þess og væntingar foreldra til leikskólans. Viðtölin taka um 20 mínútur og sér deildarstjóri um þau.

Síðastliðið vetur var foreldrafélag Bergs vel virkt, í það völdust fimm kraftmiklir foreldrar. Haldnir hafa verið fundir með aðstoðarleikskólastjóra þar sem ákveðið hefur verið með hvaða hætti félagið styður við leikskólastarfið.

Foreldrafélagið hefur staðið fyrir nokkrum samkomum eins og sumarhátíð, sveitaferð og keypt blóm fyrir útskriftarnema. Það gaf líka skólanum veglega gjöf á yngri deildina, styrk til að kaupa kubba sem nýtast vel í grófhreyfingar og jafnvægisæfingar.

Foreldrum var boðið nokkrum sinnum í leikskólann sl. vetur og munum við gera það áfram næsta vetur. Foreldrum var boðið í hefðbundið bóndakaffi og konukaffi í tengslum við Þorra og Góu. Í tengslum við menningarvikuna var foreldrum boðið á listasýningu og menningarsnakk. Sumarhátíð var í maí, auk þess sem foreldrar koma á útskriftarhátíð elstu barnanna. Stefna okkar er að foreldrar séu ávallt velkomnir í heimsókn í leikskólann.

9 Samstarf leik- og grunnskóla

Mikið samstarf er á milli leikskólans, grunnskólans og frístundarinnar. Veturinn 2019 - 2020 verður jafnvel enn meira samstaf milli skólanna en verið hefur. Nú eru starfsmenn sem vinna á báðum skólastigum og við reynum að nýta húsnæðið sem best. Tíminn sem leikskólinn fær í íþróttahúsinu hefur verið lengdur þannig að leikskólabörnin fara oftari í íþróttir. Einnig fá leikskólabörnin til afnota tónlistarstofu og stofu til að vinna verkefni í. Börnin í fyrsta bekk koma einnig í heimsókn á leikskólann.

Unglingar í áttunda til tíunda bekk geta haft leikskólann sem val í námi sínu tvisvar á vetri, sex vikur í senn að hausti og vori. Hefur verið mikil ásókn í það og mjög gaman að fá eldri nemendur til sín í nýju hlutverki. Þetta er liður í náms- og starfsfræðslu unglinganna.

Haldið er sameiginlegt jólaball barnanna á Bergi og nemenda í 1. – 7. bekk. Þar koma allir saman ásamt foreldrum, ganga í kringum jólatré og syngja saman í sal Klébergsskóla.

Útskrift elstu barna úr leikskólanum fer fram í sal Klébergsskóla en þar er svið og nóg pláss fyrir aðstandendur.

Börnum af leikskólanum er boðið á ýmsar upptökur í Klébergsskóla, þar má nefna, síðustu æfingu fyrir árhátíð 1. – 7. bekkjar, þemadagar í tengslum við grænfánavinnu og þemadagar á vormánuðum þar sem vatn var í aðalhlutverki.

Þar sem mikil ánægja var með sundnámskeið elstu barna sl. vetur munum við halda því áfram næsta skólaár. Starfsmaður af leikskólanum hefur farið á viðurkennt sundlaugarvarðanámskeið (skyndihjálp og björgun).

Börnin á Bergi koma í reglulegar heimsóknir á bókasafnið í Klébergsskóla.

Síðast liðinn vetur var sameiginleg söngstund með elstu börnunum á Bergi og nemendum í 1. bekk einu sinni í viku í Klébergsskóla, starfsmaður frá leikskólanum sá um þær. Þetta gafst vel og verður framhald á næsta vetur.

Auk þess sem hér er talið upp er samvinna varðandi grænfánaverkefnið, heilsueflandi grunn- og leikskóla og almennt varðandi stefnumótum. Við erum öll saman eitt samfélag á Klébergi.

10 Skipulagsdagar.

Við sameiningu leik- og grunnskólans var ákveðið að stefna að því að hafa 5 skipulagsdaga sameiginlega í leik- og grunnskólanum á Klébergi, þar að auki er Leikskólinn með einn dag til viðbótar. Þrír af þessum starfsdögum eru síðan sameiginlegir með leik- og grunnskólum í Grafarvogi eins og SFS leggur upp með.

Starfsdagarnir í leik- og grunnskólanum eru merktir gulir á skóladagatalinu. Sameiginlegir dagar með Grafarvogi eru: 2. október, 18. mars og 11. maí.

11 Fylgigögn

11.1 Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning

Starfsáætlun 2019 – 2020

Klébergsskóli – Leikskólinn Berg



Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Baldur Þór Baldursson

Guðni Halldórsson

Frantz Adolph Pétursson

Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Heildarfjöldi barna, og fjöldi barna sem njóta sérkennslu og barna af erlendum uppruna.
- Foreldraráð, foreldrafélag, foreldrafundir og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið. Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Á leikskólanum Bergi fer fram fjölbreytt og metnaðarfullt starf sem tekur á helstu grunnþáttum menntunar samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla.

Starfsfólk leggur sig fram við að mæta kröfum Reykjavíkurborgar og samfélagsins og vinnur markvisst í því að efla málþroska og hljóðkerfisvitund barna okkar með markvissari orðaforða vinnu og starfi sem mætir nemendum af margvíslegum uppruna á fjölbreyttan og kraftmikinn hátt. Það leggur sig fram við að bjóða upp á lestrarefni til allra nemenda á mörgum tungumálum sem sannarlega bætir orðaforða barnanna.

Einnig er markvisst og flott starf með félagsmótun og listsköpun fyrirferðarmikið dag frá degi.

Á heildina litið er áætlunin afar vel unnin og lýsir vel starfinu framundan. Starfsfólk Bergs skoðar vel þá þætti sem má bæta og vinnur stafi jafnt og þétt að umbótum.